



ULTRAMASTIC III 124/3.99

TILBÚIÐ RAKAÞOLIÐ FLÍSALÍM TIL NOTKUNAR Á GÓLF OG VEGGI.

NOTKUNARSVIÐ

Til lagna innanhúss á öllum gerðum flísa og mósaik, á gólf og vegg.

Til flísalagna utanhúss, á vegg.

Á alla venjulega fleti í húsbýggingum.

Sérstaklega hentugt þar sem nokkur sveigja og þan er fyrir hendi.

DÆMIGERÐ NOTKUN

Flísalögn á gólf og vegg í baðherbergjum og sturtuklefum.

Flísalögn á timburgrunn. Spóna- og krossviðsplötur sem eru vel festar.

Flísalögn á öll steipt gólf og vegg svo og tilbúna steypueiningar.

Flísalögn á gipsveggi og þiljur svo og annan gipsborinn grunn.

Flísalögn á sérlega drægar flísar á málaða vegg ef málning er þurr og traust.

Flísalögn ofan á eldri flísar/flísalögn svo fremi að annar flöturinn sé drægur

(drag í sig). Flísalögn, stórar flísar (45x45 og stærri) á gólf og vegg.

Líming á einangrunarplötum á vegg og loft polystyrene plötum í loft.

Líming á keramikflísum yfir gólfhita.

TÆKNI UPPLÝSINGAR

ULTRAMASTIC III er ný gerð af vatnstvístruðu lími gert úr sérstökum akryl bindiefnum, sérvöldum steinefnum ásamt íblöndunarefnum.

Mótuð á rannsóknarstofu MAPEI.

ULTRAMASTIC III er tilbúið til notkunar og er mjög auðvinnanlegur og dreifanlegur hvítur pasti (deig).

Opnunartími er u.þ.b 30 mín, sem veitir mikið öryggi við lögn. Flísarnar festast mjög vel án þess að renna til vegna góðrar gripeiginleika ULTRAMASTIC III.

Viðloðun og festa ULTRAMASTIC verður við uppgufun límsins og verður það mjög sveigjanlegt með frábærri festu sem stenst allt venjulegt þan og þenslu við allar venjulegar aðstæður í húsbýggingum.

Eftir þornun er mótstaða/þol ULTRAMASTIC III gegn vatni mjög góð.

Þess vegna er nauðsynlegt að bíða fullþornunar á stöðum þar sem vænta má uppgufunar, vatnselgs eða raka (t.d í sturtuklefum og gufuböðum).

Þegar ULTRAMASTIC III er notað utanhúss skal verja vegg og fleti gegn regni og forðast að leggja við lágt hitastig eða raka.

Þótt mótstaða og eiginleikar gegn raka séu mjög góðir, ná þeir þó ekki sama kröfustaðli og KERABOND, KERAFLX eða KERABOND + ISOLASTIC.

ULTRAMASTIC III blettur ekki og viðheldur sveigju-og þaneiginleikum niður í 20°C frost og hefur mjög góða mótstöðu upp í 100°C hita.

GÆTID AÐ

ULTRAMASTIC III hentar ekki við lögn sem er samfelld undir vatni t.d. sundlaugar, vatnstankar o.þ.h. (notið þá GRANIRAPID eða KERACRETE).



Hentar ekki við lögn á ódrægum flísum á ódræga fleti. Það mun ekki þorna.
Notið þá KERAQUICK, KERAFLX, GRANIRAPID eða KERALASTIC.
Notið ekki á málm. Notið þá KERALASTIC.
Notið ekki á raka fleti eða þar sem uppgufun er viðvarandi.
Notið þá KERAQUICK eða GRANIRAPID.
Notið ekki ULTRAMASTIC III til að líma náttúrustein, sérlega ljósan sandstein eða Carrara marmara. Notið þá hvítt KERAQUICK eða hvítt GRANIRAPID.
Notið ekki á timburfleti án þess að ganga úr skugga um að þeir séu kyrfilega festir og standist vatnsinnihald ULTRAMASTIC III. Forðist notkun í köldu eða röku veðri.

BORIÐ Á – UNDIRBÚNINGUR

ULTRAMASTIC III má nota á alla fleti sem eru gegnheilir og lausir við fitu, olíu, bón og lausar flögur, sementsleifar o.þ.h, svo fremi að ekki sé fyrir hendi varanlegur raki eða uppgufun.

Þegar nota á ULTRAMASTIC III á steypa fleti verða þeir að vera þurrir.

Þumalputtaregla er 1 vika fyrir hvern þykktar sentimetra.

Ef þessari reglu er ekki fylgt má búast við að hörðunartími límsins verði mistækur.

ULTRAMASTIC III má nota á gipsfleti án þess að sérstakur grunnur sé norinn á áður.

Þeir verða þó að vera þurrir og gegnheilir.

ULTRAMASTIC III má einnig nota til að líma flísar á yfirborð sem málað hefur verið með lakki eða akrylmálningu. Gæta verður þess að yfirborðið sé laust við lausar leifar, fitu og olíu og annað sem gæti komið í veg fyrir festu. Ath. að flísarnar festast aðeins við efsta yfirborðið þannig að ef málningarleifar eru lausar eða losna, þá losna flísarnar einnig.

Þar sem málning er ódræg til dæmis lakkmálning, notið þá aðeins flísar sem eru vel drægar.

LÖGN

ULTRAMASTIC III er borið á með tenntum spaða eða bretti. Þegar notuð er viðeigandi tól er almenna reglan sú að þekja sé a.m.k. 60% á bakhlið flísanna.

Við utanhúss lögn er nauðsynleg þekja 100% á bakhlið flísanna.

DÆMI

Mosaik allt að 5x5cm, notið þá MAPEI nr. 4 þvertenntan spaða. Þekja=1,5kg á m².

Venjulegar flísar allt upp í 30x30cm, notið þá MAPEI nr. 5 V-tenntan spaða.

Þekja=2,5 - 3,5 kg á m².

Á mjög ójafnan flöt og flísar með upphleyptri bakhlið, notið þá MAPEI nr. 6

V-tenntan spaða/bretti. Þekja=4kg á m².

Við venjuleg skilyrði þ.e hita-og rakastig er opnunartími límsins u.þ.b 30-35 mín. og verður því að leggja flísarnar innan þess tíma. Þar af leiðandi skal ekki bera á stærri flöt en þann sem hægt er að leggja á innan þessara tímamarka.

Ef himna myndast á lögninni verður að fjarlægja límið og bera á aftur.

Ekki ætti að vinna við lögn ef hitastig er lægra en +5°C. Einnig ber að sýna varfærni við lögn utanhúss og leggja ekki ef von er á kuldakasti eða rigningu svo og frosti, ef búast má við að límið nái ekki fullri þornun innan tímamarka þ.e á nokkrum dögum.



FLÍSALÖGN

Ekki er nauðsynlegt að bleyta flísar fyrir lögn. Hins vegar, ef þær eru mjög rykugar má dýfa þeim snögg í vatn.

Flísarnar eru lagðar á venjulegan hátt og þeim þrýst ákveðið í lögnina til þess að ná góðri festu. Flísar sem eru þannig lagðar færast ekki né renna til.

Ef nauðsyn reynist að færa flísarnar til, verður að gera það innan réttra tímamarka þ.e innan 40-45 mín.

Ekki má þekja flísalögn með vatni fyrr en límið er alveg þurrt það er u.þ.b 7 dögum eftir lögn.

FÚGUN

Hvort sem flísar eru lagðar með mjórri eða breiðri fúgu þá skal nota sérstakt fúgu efni s.s. KERACOLOR eða ULTRACOLOR eftir breidd fúgunnar.

Ef krafist er efna- eða bakteríuþols skal nota KERAPOXY 2ja þátta epoxy sýruhelda fúgu.

Þar sem þenslufúgu er krafist, skal nota MAPESIL AC silicone fúgu sem fæst í sömu litum og sementsfúgan þ.e KERACOLOR eða ULTRACOLOR.

Einnig má nota MAPEFLEX AC4 akryl fúgu þar sem minni kröfur eru gerðar.

Gætið þess mjög vel að fúgun sé rétt framkvæmd og fyllið mjög djúpar fúgur með sérstakri þéttipulsu.

PUNKTLÍMDAR EINANGRUNARPLÖTUR

Einangrunarplötur og loftrósettur og fleira þess háttar má annað hvort punkt- eða heillíma.

Nauðsynlegt magn ULTRAMASTIC III til festu ætti að bera á með spaða/bretti eða öðrum sambærilegum og viðeigandi áhöldum.

Munið að þrýsta vel á öll efni sem límd eru þannig að sem best binding náist.

Ath. að ef festa á loftplötur eða einangrun í loft, þá oft betri árangur ef límið er sett á loftið og plötunum síðan þrýst þar á.

HREINSUN

Óharnað lím á flísum má hreinsa með rökum klút eða svampi. Tól, tæki, hendur og fatnað má þvo með hreinu vatni.

Eftir hörðnun er hægt að hreinsa límið með steinolú, acetón, alkoholi, terpentínu eða PULICOL hreinsiefni frá MAPEI.

ÞEKJA

Mosaik og flísar allt að 10x10 = 1,5kg/m², spaði nr.4.

15x15 flísar á venjulega fleti = 2,5kg/m², spaði nr. 5.

15x15 á gips eða mjög slétt = 1,8kg/m², spaði nr.4.

20x20 flísar á gólf = 3,5-4kg/m², spaði nr 5 eða 6.



TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR

EFNISLÝSING

Gerð	Þykkur pasti (deig).
Litur	Hvítur.
Eðlisþyngd	1,55 g/cm ³
Sýrustig (ph)	9
Þurrefnis innihald	83% +/- 1%.
Geymsluþol	12 mán. í óopnuðum upphaflegum umbúðum.
Eiturvirkni EEC 88/379	Nei.
Eldfimt	Nei.

NOTKUNARLÝSING

Hitastig við lögn	Frá +5° upp í +35°.
Opnunartími	30 mín.
Hreyfitími	40-45 mín.
Fúgun	Eftir 12-24 tíma.
Endanleg þornun	Eftir u.þ.b 7 daga. Fer þó eftir drægni flísa og flata svo og hita og rakastigi

ENDANLEGIR EIGINLEIKAR

Rakaþol	Frábært.
Öldrunarþol	Frábært.
Mótstaða gegn leysiefnum og olíu	Ekki góð.
Mótstaða gegn sýru og alkali	Ekki góð.
Hitaðol	Frá 20° frosti upp í 90° hita.
Sveigjuþol	Mjög gott.

VIÐLOÐUN

- a) EN 1324
- upphaf (eftir 14 daga við 23°C og 50% raka: 4 N/mm²
 - eftir vatnsbað (eftir 7 daga við 23°C og 50% raka og 7 daga í vatni: 0,8 N/mm²
 - eftir hitun (14 dagar við 23°C og 50% raka + 14 daga við 70°C og 50% raka + 1 dag við 23°C og 50% raka: 2,5 N/mm²
- b) Evrópskir UEAtc staðlar
- 28 daga við 23°C og 50% raka: 3,2 N/mm²

AÐVÖRUN

Þó tæknilegar leiðbeiningar og fyrirmæli þau sem að ofan greinir séu samkv. því sem okkur hefur reynst best, þá skulu þau aðeins höfð til viðmiðunar og aðeins sannreynd í ljósi nægjanlegrar reynslu af notkun efnisins. Því skal notandinn ganga úr skugga um hvort efnið hentar til fyrirhugaðrar notkunar enda hvílir á honum öll ábyrgð í því sambandi.

FYRIR FAGMENN EINGÖNGU